

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 777/2004 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VII).

1. gr.

Við fylgiskjal reglugerðarinnar bætist meðfylgjandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. október 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2003****frá 16. maí 2003****um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Vegna breytinga sem hafa orðið ýmist á verksviði eða heitum ráðuneytanna sem bera ábyrgð á þessum málaflokkum sem og vegna nýlegra lagabreytinga í Noregi á sviði almannatrygginga og heilsugæslu er nauðsynlegt að breyta nokkrum aðlögunarliðum sem varða reglugerð (EBE) nr. 574/72 með áorðnum breytingum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

2. liður (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32002 R 0410:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 frá 27. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).“
2. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarliði a) kemur eftirfarandi:
 - „1. Sosialdepartementet (félagsmálaráðuneytið), Ósló.
 2. Helsedepartementet (heilbrigðisráðuneytið), Ósló.
 3. Arbeids- og administrasjonsdepartementet (atvinnu- og stjórnsýsluráðuneytið), Ósló.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17.

4. Barne- og familiedepartementet (barna- og fjölskylduráðuneytið), Ósló.
 5. Justisdepartementet (dómsmálaráðuneytið), Ósló.
 6. Utenriksdepartementet (utanríkisráðuneytið), Ósló.“
3. Í stað textans í lið R (Noregur) í aðlögunarlið 1) kemur eftirfarandi:
- „Þegar meðaltalskostnaður á ári vegna aðstoðar er reiknaður skal taka tillit til bóta sem veittar eru samkvæmt 5. kafla almannatryggingalaganna (lög frá 28. febrúar 1997), lögum frá 19. nóvember 1982 um heilsugæslu á vegum sveitarfélaga og lögum frá 2. júlí 1999 um sérhæfða heilsugæslu o.s.frv.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 410/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-
nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.